

## Umslagakerfið

Umslagakerfið er æfing til að láta peninginn duga út mánuðinn, að eiga jafn mikið (eða jafn lítið) í fyrstu vikunni og fjórðu vikunni.

Þá **tekur þú út** þá upphæð sem þú átt í afgang eftir að hafa greitt alla reikninga mánaðarins og skiptir henni jafnt í 5 umslög. hér er tekið dæmi með 100.000 krónur (það er aðeins sýnidæmi).

Í viku eitt færðu aðeins viku eitt og sá peningur þarf að duga í 7 daga. ef peningurinn dugar ekki þá má ekki fara í næstu viku, heldur má fara í **aukaumslagið**, eða að finna aðra leið. það er betra að vera peningalaus í 2 daga fram að næsta umslagi en að vera peningalaus í 2 vikur (síðustu 2 vikurnar).

**Aukaumslag:** Þú reynir að láta vikurnar 4 duga yfir mánuðinn eins vel og þú getur. en stundum þá kemur allt upp á og peningurinn í umslaginu klárast á fyrsta degi, þá grípur aukaumslagið þig.

**Aukaumslagið til að búa til afgang og sækja líf.** Þú reynir að láta vikurnar 4 duga út mánuðinn og þá getur aukaumslagið verið leikur, peysa, bíó eða hvað sem þú vilt leyfa þér. Sumir vilja safna aukaumslaginu í nokkra mánuði og eyða því svo öllu í eitthvað sem það hefur valið sér.

Mikilvægt er að leyfa sér að hafa gaman og næra sig. ekki aðeins gera það sem er "skynsamlegt" !! það má hafa gaman!!

Umslagakerfi er mjög gagnlegt fyrir fólk í skuldum og í jafnvægi.

